

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014, Hella.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 26. september 2006 staðfest breytingu á aðalskipulagi Rangárvallahrepps 2002-2014 frá 4. júlí 2003.

Breytingarnar snúa einkum að færslu Suðurlandsvegur, þjóðvegur 1 um Hellu, sem hefur einnig áhrif á afmörkun annarra landnotkunarflokka og breyttra tengivega út frá nýjum Suðurlandsvegi. Breytingin tekur einnig til nýrrar afmörkunar á þéttbýlissvæðinu á Hellu vegna nýs íbúðarsvæðis í landi Helluvaðs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Rangárþings ytra. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 26. september 2006.*

F. h. r.

**Sigríður Auður Arnardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 10. október 2006